

# Aðlögun haustið 2022

## Endurmat starfsmanna

-samantekt

- Deildarstjórar voru almennt ánægðir með fyrirkomulag móttökuviðtala og fannst gott að ljúka þeim fyrir sumarfrí
- Það kom fram óánægja með að aðlögun er að hefjast áður en fast starfsfólk deildarinnar er komið úr sumarfrí.
- Stærð hópa þótti hæfileg
- Starfsfólki fannst þátttaka foreldra nægileg og töldu ekki þörf á að lengja viðveru þeirra almennt.
- Ánægja með tímasetningu á flutningum milli deilda. En það kom fram að starfsfólk af gömlu deildinni getur „truflað“ og það þarf að endurskoða hversu lengi þau fylgja börnunum og hver þeirra aðkoma á að vera.
- Heimsóknir foreldra til deildastjóra nýrra deilda fyrir sumarfrí þóttu tímafrekar og fáir foreldrar nýttu sér þessa þjónustu, sérstaklega á eldri gangi.

## Endurmat foreldra

-samantekt

- Fram kom mikil ánægja með móttökuviðtölin. Eitt foreldri nefndi að gott hefði verið að fá gögn send fyrirfram í tölvupósti til yfirlstrar. Eins hefðu sumir viljað fá að skoða skólann á þessum tíma.
- Meirihluti foreldra telur að aðlögunartíminn hafi verið hæfilega langur. Þrír nefna að hann hafi verið heldur stuttur
- Upplýsingafundur með leikskólastjóra þótti gagnlegur, en þar kom líka fram vilji um að fá gögn fyrirfram til yfirlstrar.
- Flestir sögðu að samskipti við starfsfólk deildarinnar hafi verið góð. Sumum fannst þau frekar lítil og nokkrir nefndu að þeir hefðu viljað að starfsfólk kynnti sig með nafni.
- Flestum fannst þau fá góða innsýn í starf deildarinnar á aðlögunartímanum, nokkrir nefndu að þeir hefðu viljað fá betri innsýn í skipulagið.
- Nokkur fjöldi foreldra hrósar starfsfólki og þakkar góðar móttökur og gott viðmót

September 2023

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir tók saman